



Canon



Bókhladan



MF 1200-DK

ÓRÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 20. mars 2002 • 12. tbl. • 19. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk

„Er svo heppin að vinnan hefur verið mitt aðaláhugamál“

—segir Þórhildur Þorleifsdóttir, leikstjóri, sem hefur lifað og hræst í leikhúsi frá tíu ára aldri. Sjá miðopnu



Erilsöm helgi hjá lögreglunni á Ísafirði

Fíkniefni fundust í bifreið á leið til Ísafjarðar

Þrjú ungmenni á aldrinum 17-25 ára voru færð á lögreglustöðina á Ísafirði eftir að fíkniefni fundust í bifreið þeirra sl. föstudagskvöld. Stöðvaði lögreglan fólkið, sem var á leið akandi frá Reykjavík til Ísafjarðar, vegna gruns um að þau hefðu fíkniefni undir höndum. Við leit í bifreiðinni fundust 20 e-töflur, hass og amfetamín í litlu magni auk eins lítra af landa. Fólkið var fært á lögreglustöðina á Ísafirði en sleppt á laugardags-

morgun að yfirheyrslum loknum og telst málið upplýst. Einn manna viðurkenndi að hafa átt e-töflurnar og og megnið af amfetamíninu og kókaíninu og að hafa ætlað að dreifa efnunum á Ísafirði. Þá viðurkenndi annar þremminganna að hafa átt lítilræði af amfetamíni sem hann ætlaði til eigin nota. Þriðji viðurkenndi að eiga landann.

Laust upp úr miðnætti á aðfaranótt sunnudagsins hafði fólk, er statt var í Reykjavík,

samband við lögregluna á Ísafirði og lýsti áhyggjum af 18 ára gömlum syni sínum er hafði ætlað akandi til Reykjavíkur ásamt tveimur öðrum en ekki látið vita af sér í lengri tíma. Klukkan rúmlega eitt kallaði lögreglan út hjálparsveit og setti af stað víðtæka leit af mönnum þremur sem m.a. fól í sér að haft var samband við alla sveitabæi í Ísafjarðardjúpi. Leitinni var aflyst tæplega þremur tímum síðar er bifreið þremming-

anna fannst við Broddanes í Kollafirði. Skömmu síðar gaf maður sig fram við lögregluna í Hólmavík sem kannaðist við að hafa ekið mönnum til Hólmavíkur og var þá talið öruggt að aflýsa leitinni. Mennirnir létu síðan lögreglu af sér vita um hádegi á sunnudag.

Um klukkan þrjú sömu nótt kom lögreglan að bifreið sem í voru þrír ungir menn á aldrinum 17-23 ára. Þeir voru allir ölvaðir og viðurkenndi enginn

þeirra að hafa ekið bílnum, sem var stopp er lögregla kom að honum. Þegar taka átti blóðprufu úr meintum öikumanni bifreiðarinnar brást hann hinn versti við og beit lögreglumann í handlegginn og skallaði annan í andlitið.

Eftir árásina voru mennirnir settir í fangageymslur yfir nóttina en þeim var sleppt í gærmorgun að loknum yfirheyrslum.

SAMKAUP



OPIÐ:

Virka daga kl. 09 - 21

Laugardaga kl. 10 - 21

Sunnudaga kl. 12 - 21

Verið velkomin!

SAMKAUP

AUSTURVEGI 2
SÍMI 456 5460

Skip og bíll


Heildarlausn í flutningum

EIMSKIP

Flytjandi

www.eimskip.is • Sími 456 5500

www.flytjandi.is • Sími 456 5500



Alheimsmeistaramót í víkingaskák haldið í fjórða sinn

Orri Hjaltason hlutskarpastur með fullt hús vinninga

Orri Hjaltason varð hlutskarpastur á alheimsmeistaramóti í víkingaskák sem fór fram síðdegis á föstudag á Kaffi Sól á Ísafirði. Hann lauk keppni með fullt hús vinninga, alls fimm talsins, en sex skákmenn öttu kappi að þessu sinni í víkingaskákinni sem hófst klukkan 16 og lauk tveimur tímum síðar með sigri Orra á Skúla Þórðarsyni, fyrsta alheimsmeistarannum í taflinu.

Þetta var fjórða árið í röð sem alheimsmeistaramót í víkingaskák er haldið á Ísafirði en handhafi alheimsmeistaratitilsins frá síðasta móti, Halldór Pálmi Bjarkason, varði ekki titil sinn nú sökum annríkis við vinnu. Í öðru sæti á mótinu varð Skúli Þórðarson með fjóra vinninga, en Kolbeinn Einarsson vermdi þriðja sætið. Verðlaun á mótinu, glæsilega útskornir „víkingar“, voru sem fyrr gefin af höfundi taflsins, Magnúsi Ólafssyni, uppfinningamanni, en hann hefur lagt keppninni lið á þann hátt frá upphafi.

Mörg ár eru liðin frá því að Magnús samdi hið nýja tafl en á borðinu í víkingatafli eru 85 sexstendir reitir sem skipað er í níu raðir og eru í þremur litum. Taflmenn eru hinir sömu og í venjulegri skák en níundi maðurinn er vikingurinn. Mannangurinn er mjög svipaður og í klassískri skák og auðveldur þeim sem hana kunna.

Skákmenn á öllum stigum hafa reynt hið nýstárlega tafl. „Mannangur víkingaskákarinnar er auðlærður en það tekur svolítinn tíma að átta sig á stefnunum á borðinu“, sagði Friðrik Ólafsson stórmeistari þegar hann hafði kynnt sér taflað. „Ég býst við að það verði að byggja upp skákfræði fyrir víkingaskákina frá grunni; þó eru ýmsar meginreglur sem halda sér, eins og að hafa sterkt miðborð, að koma mönnum fljótt fram og veikja ekki kóngsstöðuna, en aðferðin til að gera það verður allt öðruvísi í víkingaskák.“



Á myndinni má sjá Orra Hjaltason t.h. etja kappi við áskoranda við upphaf mótsins á föstudaginn.

Framboðsmál í Bolungarvík

Ólafur Kristjánsson bæjarstjóri gefur kost á sér áfram

Flest virðist benda til þess að einungis tveir listar verði boðnir fram í Bolungarvík fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor, þ.e. listi Sjálfstæðisflokks og listi Bæjarmálaglags Bolungarvíkur. Hvorugur listinn hefur þó verið birtur ennþá en undirbúningsvinna mun vera í fullum gangi og vonast báðir aðilar til að framboðslistar verði lagðir fram í kringum páska.

Sölvi Sólbergsson, formaður Fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélagsanna í Bolungarvík, sagði í samtali við blaðið að fulltrúa-

ráðið hefði ákveðið á fundi sínum í lok febrúar að efna til skoðanakönnunar um val á frambjóðendum á lista Sjálfstæðisflokksins í Bolungarvík fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Allir flokksbundnir sjálfstæðismenn í Bolungarvík hefðu fengið sent heim bréf þar sem skoðanakönnunin og fyrirkomulag hennar var kynnt. Sama bréf var einnig sent út til allra bæjarbúa í Bolungarvík og segir Sölvi að þannig gefist þeim, er styðja stefnu Sjálfstæðisflokksins og skrifa undir stuðningsyfirlýs-

ingu við flokkinn, kostur á að hafa áhrif á val á frambjóðendum sem skipa munu lista flokksins.

Skoðanakönnunin mun fara fram sunnudaginn 17. mars í Verkalýðshúsinu í Bolungarvík og þar geta þátttakendur ritað nöfn fimm aðila sem þeir treysta best til að starfa að bæjarmálum í Bolungarvík og sem að styðja stefnu Sjálfstæðisflokksins. Segir Sölvi að skipað verði á listann með hliðsjón af könnuninni og ætti hann að liggja fyrir öðru hvoru megin við páska. Flestir nú-

verandi bæjarfulltrúa munu vera tilbúnir að gefa kost á sér áfram ef skoðanakönnun leiðir í ljós stuðning við þá, þar á meðal Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri.

Hin nýskipaða stjórn Bæjarmálaglags Bolungarvíkur hefur fundað stíft að undanförmu og að sögn Sveins Bernóðssonar, stjórnarmanns, er verið að vinna að fullu í stefnumálum félagsins. Vonast hann til að framboðslisti verði birtur fyrir páska.

Snyrtifræðingur - föröunarfræðingur - og áhugafólk

Námskeið í varanlegri föröun (tattoo) er fyrirhugað í apríl á Ísafirði. Góðir tekjumöguleikar. Uppl. í síma 822 8808

Sól og fegurð



Okkar einstaka skíðavika er að renna upp. Nýjar perur í Sól og fegurð, Túngötu 3, sími 456 5522

Við viljum selja



Enn viljum við hjónin gjarnan selja eign okkar að Sundstræti 22, sem er miðhæð hússins, um 140 fm að gólfleti og svo bílskúrinn, 28 fm. Verði er stillt í hóf að aokkar mati og vandalaust að semja um það. Nánari upplýsingar hjá Guðjóni og Dýrfinnu í síma 897 4661 eða 456 4660.

Aðstoð í boði

Textagerð af öllu tagi. Aðstoð við greinaskrif og frágang til birtingar. Yfirlestur handrita, lagfæringar og leiðréttingar. Umsjón með blöðum og bæklingum og ritun þeirra eftir þörfum. Þýðingar úr ensku, dönsku, norsku, sænsku, þýsku, frönsku og ítölsku og e.t.v. fleiri tungumálum eftir atvikum.

Full þagmælska um viðfangsefni og viðskiptavinum.

Hlynur Þór Magnússon
Sólgötu 8, Ísafirði
sími 892 2240

Lagabreytingar um verslun með áfengi og tóbak

Beðið eftir umsögn félagsmálanefndar og VáVest

Í fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar mánudaginn 11. mars sl. kom fram að umsögn Ísafjarðarbæjar um frumvarp til laga um breytingar á lögum um verslun með áfengi og tóbak yrði ekki sent efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fyrir en umsagnir félagsmálanefndar og VáVest lögju fyrir.

Liti bæjarráð svo á, að bæjarstjórn hefði ekki með samþykkt tillögu Þorsteins

Jóhannessonar og Lárusar G. Valdimarssonar frá bæjarstjórnarfundum þann 7. mars sl., verið að veita neina umsögn um frumvarpið heldur hefði þar verið um að ræða ítrekun á fyrri samþykkt bæjarstjórnar frá 17. desember 1998 vegna tillögu til þingsályktunar um afnám einokunar ríkisins á smásölu áfengis.

Áréttaði bæjarráð að umsagnar hefði verið óskað frá félagsmálanefnd um ofan-

greint frumvarp á fundi bæjarráðs 25. febrúar sl. og sömuleiðis hefði bæjarstjórn samþykkt á fundi þann 7. mars sl. að leita umsagnar VáVest-hópsins á frumvarpinu. Því yrði umsögn Ísafjarðarbæjar um frumvarpið ekki send efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fyrir en umsagnir félagsmálanefndar og VáVest lögju fyrir.

Veitingastaðurinn

Thai Koon

Hafnarstræti 9-13

opnar föstudaginn 22. 3. kl. 11:30
Opnunartilboð verður yfir helgina.
Tælenskur matur á 790 kr. með gosi
og barnamatur á 590 kr. með gosi.
Kaffi, kryddsósúr og margt fleira.

Bikarmót Skíðasambands Íslands í skíðagöngu

Ólafur Árnason Íslandsmeistari í 30 km göngu

Síðustu helgi fór fram á Siglufirði bikarmót Skíðasambands Íslands í skíðagöngu. Mótið hófst á laugar dag með keppni í lengri vegalengdum með frjálsri aðferð og gildi sú keppni jafnframt til Íslandsmeistaratitils í fullorðinsflokki. Ólafur Árnason hafði mikla yfirburði í karlaflokki og tryggði sér öruggan sigur, en hinn Ísfirðingurinn í þessum flokki, Magnús Ringsted Sigurðsson, varð fjórði.

Í unglingsflokkunum var um venjulegt bikarmót að ræða, en ekki keppni til Íslandsmeistara. Í flokki 15-16 ára stúlkna röðuðu Ísfirðingar sér í öll efstu sætin. Íris Pétursdóttir sigraði, Eygló Valdimarsdóttir varð önnur og Ásta Ásvaldsdóttir þriðja. Drengirnir í þessum aldursflokki náðu í silfur og brons; Kristján Ásvaldsson varð annar og Einar Birkir Sveinbjörnsson þriðji. Í 13-14 ára flokki varð Jóhanna Bárðardóttir þriðja í keppni stúlkanna og Guðbrandur Jónsson fékk silfur hjá drengjunum.

Á sunnudag var keppt með hefðbundinni aðferð í styttri vegalengdum. Aftur sigraði



Ólafur Th. Árnason.

Ólafur Árnason í karlaflokki og Magnús Ringsted varð fjórði. Í stúlknaflokkum 15-16 ára varð Íris Pétursdóttir í öðru sæti og Eygló Valdimarsdóttir í þriðja, en hjá drengjunum varð Einar Birkir Sveinbjörnsson í þriðja sæti, einni sekúndu á undan Kristjáni Ásvaldssyni sem varð fjórði. Í 13-14 ára

flokki náðu þau Jóhanna Bárðardóttir og Arnar Björgvinsson bæði í silfurverðlaun. Sindri Gunnar Bjarnarson varð í fimmta sæti, aðeins þremur sekúndum frá bronsinu. Uppskera Skíðafélags Ísfirðinga þessa helgina varð því 3 gull, 6 silfur og 5 brons.

Innanhúsmeistaramóti Íslands í Vestmannaeyjum

Heiðar Ingi tvöfaldur Íslandsmeistari

Heiðar Ingi Marinósson, sem kjörinn var Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar árið 2001, varð síðustu helgi tvöfaldur Íslandsmeistari er hann hreppti gullverðlaun í 50 metra bak- og skriðsundi á Innanhúsmeistaramóti Íslands í Vestmannaeyjum. Einnig fékk hann silfurverðlaun í 100 og 200 metra skriðsundi og var valinn ein af fjórum bestu sundmönnum mótsins í atkvæðagreiðslu meðal keppendanna. Því er ljóst að Heiðar ríður feitum hesti frá mótinu og kemur þaðan með fjóra verðlaunapeninga í farteskunni.

Heiðar heldur í vikunni til Hollands þar sem hann mun ásamt sjö öðrum sundmönnum úr landsliði Íslands, keppa á alþjóðlegu sundmóti fyrir Íslands hönd. Hann er ánægður með árangur helgarinnar og hlakkar mikið til Hollandsferðarinnar síðar í vikunni. Mestrar tilhlökkunar virðist þó gæta hjá Heiðari fyrir væntanlegu páskaegg.

„Eftir mótið í Hollandi fæ ég langþráð vikufri frá æfingum og hlakkar þá mikið til að gæða mér á páskaegg,



Heiðar Ingi Marinósson.

sem ég er farinn að sjá í hyllingum. Annars var frábært á mótinu í Vestmannaeyjum, þar fékk ég mikla og góða samkeppni sem sýndi sig kannski best í 100 og 200 metra skriðsundinu þar sem ég var í bæði skiptin örfáum sekúndubrotum á eftir sigurvegurinum.

Að mótinu loknu á sunnudag var ég svo í góðu stuði á lokahófi þess þar sem snæddur var ljúffengur matur og síð-

an dansað fram á kvöld,“ segir Heiðar Ingi sem æfir nú stíft fyrir mótið í Hollandi auk þess sem hann reynir að ná lágmörkum fyrir Evrópumótið í 50 og 100 metra skriðsundi.

Þess má geta að annar Ísfirðingur mun keppa á mótinu í Hollandi fyrir Íslands hönd, en það er hin 17 ára gamla Linda G. Lyngmó, nemi við Menntaskólann á Ísafirði.



Í Krúsinni

Núna um helgina og um páskana



Skemmtikvöldið

Those Were The Days

Með lifandi tónlist frá 1960 til 1970

lynnir

Frábær matur
Stórgóð skemmtun
Dúndurball

Laugardagskvöldið 23. mars. Laus sæti

Sýning um páskana á föstudaginn langa 29. mars

Hljómsveitin og söngvarar eru

Jón H Engilbertsson gítar, Samúel Einarsson hljómborð,
Karl Jónsson trommur, Óli Pétur Jakobsson bassi,
Jónatan Einarsson píanó - söngur, Þórunn Snorradóttir söngur
Guðmundur Ó Reynisson söngur

Miðaverð 3800.-

Dansleikur á eftir sýningu.

Halli og Þórunn skemmta

Jazz í Krúsinni

Á skírdag 28. mars og laugardagskvöldið 30. mars

Með öllum gömlu góðu jazzgeggjurum.

Villa Valla, Baldri Geirmunds, Gunnari Hólm, Magga Reyni, Kalla Geirmunds og Óla Kristjáns

Bodið verður upp á léttan og jazzaðan matseðil.

Forréttur.....Rjómalöguð rækjusúpa.

Aðalréttur.....Chicken a la Orange.....

Eftirréttur.....Ljúfeng ostaterta.....

Bæði kvöldin og á laugardagskvöld dansleik með Baldri og Margréti á eftir

Miðaverð 3.000.-

Húsið opnar kl 19.00 fyrir matargesti
Miða og borðapantanir í síma 456 3985

Afnám áfengiseinkasölu, hagur almennings?

„Væri nú ekki nær að leita áhlits verslunar-eigenda og neytenda..?“



Jón Björnsson á Ísafirði skrifar

Loksins kom að því að ríkisvaldið óskaði eftir samráði við sveitarfélög í landinu, þar á meðal Ísafjarðarbæ, um mál-efni sem, að mati ríkisvaldsins skiptir almenning á Íslandi miklu máli. Leitað er áhlits sveitarfélaga á málefnum sem skipta þjóðina og sveitarfélög í landinu máli. Ég man þó reyndar ekki eftir því að leitað hafi verið áhlits sveitarfélaga á Vestfjörðum varðandi kvótasetningu á ýsu og steinbít, eða í öðrum þeim málum sem beinlínis snerta afkomu fólks á svæðinu. En núna er þó komið upp slíkt stórmál að jafnvel ríkisvaldið þarf að leita áhlits sveitarfélaga áður en afgreiðsla þess getur farið fram, sem sagt sala áfengis í matvöruverslunum. En hvers vegna að leita áhlits núna og í þessu máli þegar önnur og stærri mál þurftu ekki áhlits við? Á undanförunum árum hefur nokkrum sinnum komið upp umræða þess efnis að heimila beri sölu áfengra drykkja í matvöruverslunum. Slíkt er talið til hagsbóta fyrir neytendur sem í kjölfarið þurfa ekki að fara í sérverslanir til áfengiskaupa, allavega á léttvíni og bjór. Mjög hafa skoðanir verið skiptar meðal almennings í máli þessu. Þó virðist sem meðmælendum áðurnefnds fyrirkomulags fjölgja frekar og eflaust styttest í að sala áfengis í matvöruverslunum hefjist. Þeir sem hafa andmælt fyrirkomulaginu, benda á þann möguleika að áfengisneysla muni aukast í kjölfarið, enda sé það reynsla annarra þjóða sem hafa slíkt fyrirkomulag. Ekki er ósennilegt að sú verði og raunin á Íslandi.

Þar kemur að þátttöku sveitarfélaga í áðurnefndu máli. Ef nú allt færi á versta veg, samhliða sölu áfengis í matvöruverslunum, þ.e. áfengisneysla aukast, upphafsaldur áfengisneyslu lækkar og vandamál samhliða neyslu aukast, hefur ríkisvaldinu tekist, svo framrægtur vegna sveitarfélög styðja væntanlegt afnám ríkiseinkasölnnar, að fría sig að stórum hluta, ábyrgð á hugsanlegum verstu afleiðingum vegna breyttrar sölu áfengis. Það verða fyrst og fremst sveitarfélögin sem þurfa að bera kostnað af þeim vandamálum sem upp kunna að koma samhliða breyttu fyrirkomulagi. Ríkisvaldið verður nokkurn veginn stíkkfrí, fær eftir sem áður tekjur af sölnunni og getur jafnhliða bent sveitarfélögum á að þau hafi sjálf samþykkt áðurnefndar breytingar og verði þ.a.l. að bera ábyrgð á þeim. Þá má reikna með að samhliða aukinni sölu áfengis, þurfi sveitarfélög að auka forvarnarstarf, sem þau þegar í dag bera nánast allan kostnað af, t.d. með auknum rekstri tómstunda fyrir börn og unglunga. Það ætti því að vera lágmarkskrafa sveitarfélaga að þau fái hluta af hagnaði áfengissölnnar til forvarnarstarfs heima fyrir, ef sala áfengis verður heimiluð í matvöruverslunum. Þá er ekki síður merkilegt í þessu máli, að ekki er kannað áhlit verslunarinnar og neytenda, aðeins sveitarstjórnar. Það er nefnilega ekki víst að sala áfengis í matvöruverslunum verði til hagsbóta fyrir nokkurn annan en ríkiskassann. Fastlega má reikna með því að sala áfengis í matvöruverslunum verði háð ströngum skilyrðum. Ekki er ósennilegt að

áfengi verði á sérsvæðum í verslunum, sem verða að hluta lokað frá öðru verslunarrými, aðeins starfsmenn sem eru eldri en 18 ára megi afgreiða áfengi, og kassafólki verði upplagt að kanna aldur kaupenda ef nokkur vafi er á honum. Þá mun hert eftirlit verða haft með þeim verslunum sem selja áfengi. Verslanir hafa verið að auka þjónustu sína með lengri opnunartíma um kvöld og helgar. Að nokkrum hluta er þessi aukni verslunartími brúaður með ungunum starfsmönnum, sem í mörgum tilvikum eru yngri en 20 ára. Sala áfengis í verslunum mun því gera kröfur um eldri starfsmenn eða lokun áfengissölnnar á þeim tíma sem yngra fólk er í vinnu. Nú þegar er rými í verslunum mjög dýrt og krafa um hreyfanleika vöru mikil. Verslanir liggja síður með vörur sem seljast hægt. Því verður tegundaframboð léttvín og bjórs sennilega frekar fátækt, aðeins vara sem hreyfist verður sett í hillurnar. Hæpið er að dýrar og fágætur léttvínstegundir sem lítið hreyfast, verði seldar í matvöruverslunum, heldur verði einblínt á seljanlegar tegundir, ódýr léttvín, kassavín og seljanlegustu tegundir millibjórs. Annað áfengi verður fólk eftir sem áður að sækja í sérverslanir. Þá má reikna með því að lágmarksþjónusta verði á áfengissölnunni og hæpið að sérfróðir einstaklingar verði til staðar til þess að ráðleggja fólk um áfengiskaup. Aðeins stórar og veltu-miklar verslanir geta boðið þjónustu og tegundaval léttvína og bjórs. Slíkar verslanir finnast nær eingöngu í stórum þéttbýlskjörnum á suðvesturhorninu. Mörgum þykir áfengi dýrt

og telja að verðið lækki hugsanlega ef matvöruverslanir hefji sölu þess. En verður það raunin? Aukinn kostnaður verslanna samhliða sölu verður talsverður, sérstaklega í upphafi, þar sem reikna má með breytingum á verslunarrými. Einnig verður rými undir áfengi dýrt, þar sem það verður sennilega aðgreint frá annarri vöru og þannig úr garði gert að hægt verður að loka því af og læsa frá öðru rými. Reikna má með því að sömu kröfur verði gerðar til lagerrýmis. Stór hluti áfengisverðs í dag er í formi skattlagningar ríkisins og hún mun tæplega lækka þó svo matvöruverslanir hefji sölu. Dreifgarkostnaður mun sennilega aukast og kröfur sem gerðar verða til áfengisseljenda mun auka kostnað vegna sölu þess. Ekki er því ósennilegt að áfengisverð hækki allavega til að byrja með, ef sala hefst í matvöruverslunum. Og hvað verður nú um sérverslanirnar. Lílega mun draga úr veltu þeirra. Starfsfólki verður fækkað og hugsanlega einnig verslunum. Kaupendur með sérþarfir á dýr léttvín og sterkt áfengi þurfa nú að leita lengra til áfengiskaupa og framtíð sérverslanna í fámennum sveitarfélögum gæti komist í uppnám og jafnvel kæmi til lokunnar einhverra þeirra og fyrri póstverslun með áfengi kemst á á nýjan leik. Er það krafa nútímaneytandans? Væri nú ekki nær að leita áhlits verslunareigenda og neytenda á breyttu fyrirkomulagi á áfengiseinkasölnunni heldur en sveitarfélaga? Ætti ekki ríkisvaldið að bera önnur og viðameiri mál undir sveitarstjórnir, heldur en teffa tíma þeirra með illa ígrunduðu máli sem alls er óvíst að verði neytendum og verslunareigendum

til hagsbóta. Að lokum. Fjölmargir einstaklingar eru þeirrar skoðunar að hefja beri sölu áfengis í matvöruverslunum. Þeir sjá hagræði í því að geta sótt sinn helgarbjór út í næstu búð en þurfa ekki að fara í sérverslun til þess. Þessi hópur, verslunareigendur og þeir sem ekki vilja áfengi í matvöruverslanir, eiga þá kröfu á ríkisvaldið að reglur og tilhögun á áfengissölu í matvöruverslunum verði skilgreindar, þannig að neytendur viti að hverju þeir ganga. Mun áfengisverð hækka, standa í stað eða lækka, mun framboð á betri vínum dragast saman, hvað verður um sérverslanir á dag, mun hagur neytenda aukast, hvernig verður brugðist við ef áfengisneysla eykst og hefjist fyrir hjá unglingum, hver verður framtíð sérvöruverslanna í fámennum byggðarlögum, verður henni hugsanlega lokað og fyrri póstverslun hefst á nýjan leik? Þessum og fjölmörgum öðrum spurningum þarf að svara áður en hægt er að taka afstöðu til fyrrgreinds máls. Að lokum skora ég á Ísafjarðarbæ að taka ekki afstöðu til þessa máls, hvorki með né á móti og firra sig þannig ábyrgð ef allt fer til verri vegar og láta stjórnvöld bera ábyrgð á gerðum sínum. Jafnhliða skora ég á Ísafjarðarbæ að óska framvegis eftir því að ríkisvaldið leiti áhlits á viðameiri málum, sem skipta búsetu á svæðinu sköpun, en það gerir umrætt mál alls ekki. Jón Björnsson.

Sennilega verður aðeins ein verslun tilbúin til þess að veita umrædda þjónustu. Velta ÁTVR á Ísafirði er lítil í dag og í síðasta mánuði var ákveðið að fækka starfsmönnum þar (og draga þar með úr umsvifum ríkisins). Ef áfengi fer inn í verslanir verður sennilega dregið mjög úr þjónustu ÁTVR á svæðinu, opnunartími skertur eða jafnvel versluninni lokað. Í kjölfarið þurfa Ísafirðingar að versla fágætari léttvínstegundir og bjór, svo og sterkt vín í pósti, sem mun hækka verð á áfengi til neytenda vegna sendingarkostnaðar. Í kjölfarið verður hagur neytenda stórskertur á Ísafjarðarsvæðinu. Ég tel að mál þetta þurfi að íhuga mjög gaumgæfilega áður en menn samþykkja umræddar breytingar. Ríkisvaldið þarf því að setja fram reglur og áætlanir um hvernig sala í matvöruverslunum fer fram áður en sveitarfélög taka ákvarðanir um stuðning við fyrrgreindar breytingar. Sennilega munu eingöngu neytendur á stór-Reykjavíkursvæðinu bera hag af sölu í matvöruverslunum en fólk á landsbyggðinni mun tapa (ekkert nýtt s.s.). Svo oft hefur þetta mál bankað upp á, að sennilega verður áfengissala í matvöruverslunum komið á innan fárra ára. Við þurfum að búa okkur undir það og breyta áherslum í forvarnarmálum og tryggja einnig hag neytenda á Ísafirði gagnvart stórverslunum á Reykjavíkursvæðinu. Eins og málin standa í dag þá er það hagur íbúa á norðanverðum Vestfjörðum að umrætt mál teffist í nokkur ár enn. JB.

Hjördís Erna Ólafsdóttir Íslandsmeistari í júdo

Hefur aðeins æft júdo í rúmt ár

Ísfriski júdokappinn, Hjördís Erna Ólafsdóttir, hlaut um helgina Íslandsmeistaratitil í júdo. Titillinn hlaut hún í flokki kvenna undir 57 kg á Íslandsmeistaramóti er fór fram í Reykjavík sl. laugardag. Þótti sigur hennar koma mjög óvart þar eð hún lagði að velli, í lokaviðureign sinni á mótinu, sérreyndari stúlku er fyrirfram hafði verið búist við að væri sigurstranglegrí. Hjördís Erna er auk þess ný komin heim frá alþjóðlegu

júdomóti í Prag þar sem henni gekk að sögn afar vel. Að mótinu loknu fór stúlkan í æfingabúðir í Tékklandi þar sem hún undirbjó sig undir Íslands-mótið um vikuskeið. Árangur Hjördísar, sem er liðlega tvítug að aldri, í júdoíþróttinni þykir einstakur þar sem hún hóf að iðka hana fyrir aðeins rúmlega ári síðan. Í fyrra-umar var hún valin í B-landsliðið í júdo og hélt í kjölfarið til keppni á smáþjóðaleikum um í San Marino eftir aðeins

nokkra mánuði að æfingum. Þjálfari hennar frá upphafi hefur verið Bjarni Friðriksson, sem jafnframt er landsliðsþjálfari. Framundan hjá Hjördísi er Norðurlandamót í Danmörku í maí þar sem hún stefnir að sjálfsgöngu langt. Þess má geta að með Íslandsmeistaratitli Hjördísar eignuðust Ísafirðingar sinn þriðja Íslandsmeistara um helgina en auk hennar varð Ólafur Th. Árnason margfaldur Íslandsmeistari í göngu og



Hjördís Erna Ólafsdóttir. Heiðar Ingi Marínósson tvöfaldur Íslandsmeistari í sundíþróttinni. Því er óhætt að segja að Ísafirðingar hafi riðið feitum hesti frá íþróttamótum helgarinnar.



Til sölu

Til sölu er húsnæði Fólks- og vörubílastöðvarinnar við Mjósund á Ísafirði. Óskað er eftir tilboðum í eignina. Nánari upplýsingar gefur Björn Jóhannesson, hdl. í síma 456 4577.

„Er svo heppin að vinnan hefur verið mitt aðaláhugamál“

–segir Þórhildur Þorleifsdóttir, leikstjóri, sem hefur lifað og hrærst í leikhúsi frá tíu ára aldri

Leikstýran landsþekktu Þórhildur Þorleifsdóttir var stödd á Ísafirði á dögnum að leikstýra Sólrisuverki Leikfélags Menntaskólans á Ísafirði. Eins og mörgum mun vera kunnugt, er Þórhildur fædd á Ísafirði í húsinu að Smiðjugötu 5 og dvaldi þar í góðu yfirlæti fyrstu sjö ár ævinnar. Eftir að leiðin lá úr Smiðjugötunni hefur margt á daga hennar drifið en hún hefur m.a. setið á Alþingi Íslendinga, verið Borgarleikhússtjóri og leikstýrt á áttunda tug leikverka. Þórhildur féllst á að hitta Bæjarins besta að máli yfir kaffibolla og segja lesendum aðeins frá viðburðaríkri ævi sinni og skoðunum á málefnum líðandi stundar. Það fyrsta sem blaðinu lék forvitni á að vita, var hvernig tilfinning það væri að vera komin aftur „heim“ fyrir gamlan Vestfirðing?



Ættuð úr þremur landsfjórðungum en fædd í þeim fjórða

„Ég hef í raun aldrei litið á mig sem neinn sérstakan Vestfirðing, hér er ég fædd og bjó fyrstu sjö ár ævinnar en ég á engin skyldmenni á Ísafirði og hef því átt lítið hingað að sækja frá því ég flutti þó að ég hafi vissulega alltaf gaman af því að skoða mig hér um og rifja upp æskudagana. Þegar ég er spurð að því hvaðan ég sé, er ég von að segja að ég sé ættuð úr þremur landsfjórðungum en fædd í þeim fjórða,” segir Þórhildur.

Foreldrar Þórhildar voru aðkomufólk á Ísafirði. Faðir hennar, Þorleifur Guðmundsson, kom hingað og rak útibú Olíuverslunar Íslands á Vestfjórðum auk þess sem hann starfaði fyrir Skipaútgerð ríkisins og sá um Vestfjarðaflugíð fyrir Loftleiði en hann var einn af stofnendum þess fyrirtækis. Móðir hennar, Guðrún Bergsdóttir, flutti hins vegar til Ísafjarðar til þess að ljúka hjúkrunarnámi en í þá daga var liður í náminu að starfa við sjúkrahús úti á landi í einhvern tíma.

Þegar Þórhildur er spurð um hvað sé henni minnisstæðast frá uppvaxtarárunum á Ísafirði, þá svarar hún því til að

það sé enginn einn atburður sem standi upp úr.

„Þetta voru rólegir og góðir tímar þar sem lítið gekk á í lífi ungrar stúlku. Á þessum aldri er lífið fullt af ævintýrum og þannig var það hjá mér. Ég man helst eftir mismunandi góðu veðri, ég að leika mér úti á dokku eða í kringum sumarbústaðinn okkar uppi á Dal. Þar lék ég mér mikið ein og fannst það gott enda hefur mér alltaf líðið vel í sveitinni. Börn hrærast svo mikið í heimi fullorðinna og það eru helst atburðir sem tengjast mér ekki beint sem ég man vel eftir, eins og slysinu hörmulega á Óshlíðinni þegar sex ungir íþróttamenn frá Akureyri létust. Svona atburðir sitja í manni, hitt var meira svona falið í hamingjunni að leika sér og lítið frá því að segja.

„Rafmagnsleysi og snjór koma líka mikið upp í hugann þegar ég rifja upp dvölinna á Ísafirði. Þegar rafmagnni fór var eins og maður væri kominn aftur á fornöld. Þá lifði ég notalegar stundir við að lesa með mömmu og pabba, við sátum stundum og hlustuðum á spennandi sögur tímum saman enda tilvalið að láta lesa fyrir sig þegar rafmagnni fer.

Þabbi vann stundum spennandi vinnu og margt sem

tengdist henni fannst mér skemmtilegt. Hann tók á móti flugvélum Loftleiða þegar þær komu, þá var lent á Pollinum og ég fékk stundum að fara með bátum sem sigldi að flugvélinni, það fannst mér spennandi. Þabbi ferðaðist líka mikið vinnu sinnar vegna og einu sinni þegar hann kom frá Suður-Ameríku var hann með vínberjatunnu í farteskinu. Þá var nú heldur betur fjör, við systkinin fengum skömmtuð nokkur vínber á disk og sátum og tándum þau ofan í okkur af mikilli sparssemi meðan foreldrarir lásu fyrir okkur enda ekki á hverjum degi sem slíkt hnossgæti var á boðstólum“.

Leiðin að leikhúsinu

Fjölskylda Þórhildar flutti frá Ísafirði þegar hún var sjö ára, vorið 1952. Þá lá leið þeirra til Reykjavíkur þar sem mörg ævintýri biðu hennar.

„Reykjavíkurförin lagðist ágætlega í mig og ég man ekki til þess að hafa saknað Ísafjarðar neitt sérstaklega enda hafa börn gífurlega aðlögunarhæfni. Svo var líka mikið um að vera hjá mér á þessum tíma þar sem ég var að hefja skólagöngu og á Melunum var mikið af krökkum til að leika sér við því þetta var nýtt hverfi sem að

mestu var byggt barnafjölskyldum. Það má segja að ég hafi verið of upptekin við að rannsaka þetta nýja umhverfi mitt og venja mig við skólann til þess að leiða mikið hugann að því að ég væri komin í annan landsfjórðung. Það var mikið um að vera á Melunum í þá daga, margir krakkar og mikið af spennandi stöðum til þess að rannsaka. Þarna var Sambandið með geymslusvæði þar sem var mikið ævintýri að leika sér og svo skreið ég stundum undir girðinguna á Melavellinum og safnaði flöskum þar. Síðan byrjaði ég í ballett í skólanum og eftir það var leiksviðið minn vettvangur en frá tíu ára aldri var ég eins mikið og ég lifandi gat í leikhúsinu“.

Þórhildur stundaði nám í Listdanskóla Þjóðleikhússins í sex ár frá tíu ára aldri og tók þátt í mörgum sýningum leikhússins.

„Ég eyddi öllum stundum í leikhúsinu á þessum árum. Það var séð gegnum fingur við mig og því gat ég setið óáreitt frammi í sal að fylgjast með æfingum eða baksviðs á meðan sýningu stóð og drukk- ið í mig allt sem þessu tengdist. Þetta beindi huga mínum mikið að þessu fyrirbæri, leikhúsinu. Þó að ég hafi á þeim tíma ætlað í dansinn þá var þetta allt framið í leikhúsi og

því vakti allt sem þar gerðist jafnan áhuga hjá mér. Þar að auki var ég mikill lestrarhestur og hafði gaman af leikritunum, sérstaklega þeim dramatísku.

Mér finnst mjög sorglegt hvað fólk er hikandi nú til dags við að gefa út efni fyrir börn sem einhver raunveruleg átök eru í. Þessi gervigamanveröld sem þeim er boðið upp á núna skilar ekki miklu til þeirra. Börn hafa alltaf haft gaman af dramatík og ég man til dæmis eftir því þegar ég var að fletta upp á sorglegu köflunum í bókum til þess að ganga í gegnum þrengingar- nar sem söguhetjan var í. Það þótti sjálfsagður liður í uppleldi margra barna og unglinga að fara með þau í leikhús og leyfa þeim að upplifa raunveruleg átök, spennan var mögnuð en svo var allt um garð gengið þegar sýningunni lauk. Þetta er hluti af því að þroskast, börn þurfa að ganga í gegnum sorgina og hræðsluna eins og hinar tilfinningar- nar annars verður mun erfiðara fyrir þau að takast á við það seinna. Þess vegna finnst mér flest af því sem er verið að gera fyrir börn í leikhúsi í dag vera frekar ómerkileg afþreying og finnst vanta þar öll átök“.

Persónulega ábyrgð!

Æfingarnar hjá Listdanskólanum voru ekkert grín og þurfti Þórhildur að leggja sig alla fram við að uppfylla þær ýmsu kröfur sem til hennar voru gerðar.

„Mér fannst ég ellefu ára gömul bera persónulega ábyrgð á Þjóðleikhúsi Íslendinga. Ég hafði strangan kennara og hjá honum mátti ekkert út af bera. Það var einfaldlega bannað að fara á skíði og skauta því þar gat maður snúið sig og slasað og margt annað sem krakkar hafa gaman af gat ég ekki stundað með góðri samvisku. Það kom þó fyrir að maður óhlyðnaðist ef það kom skautasvell enda var alltaf voða freistandi að fara á skauta.

Ég man að einu sinni var ég gripin við að stelast á skauta af kennaranum stranga.. Í minningu minni kom hann aðvífandi eins og illfygli út við sjóndeildarhringinn og varð æ stærri þangað til hann var eins og stór gammur sem sveimaði yfir mér og bjó sig undir að læsa klónum í mig. Ég sá þegar hann koma auga á mig, hann stökk út á svellið og dró mig í land, ekki alveg á eyranu en allt að því. Síðan stóð hann yfir mér á meðan ég paufaðist úr skautunum, dró mig heim og skammaðist blóðugum skömmum. Þetta þótti býsna alvarlegt mál og

350 þúsund krónur til vestfirskra verkefna árið 2002

Tilkynnt var um styrkúthlutunir úr Menningarborgarsjóði miðvikudaginn 13. mars. Alls 200 umsóknir bárust sjóðnum að þessu sinni en 42 verkefni hlutu náð fyrir augum úthlutunarnefndar og hljóta alls 25 milljónir króna. Athygli vekur að fjögur verkefni af 42 er hlutu styrki eru vestfirsk að uppruna og enn fleiri tengjast Vestfjörðum og Vestfirðingum á einhvern hátt. Alls renna 1350 þúsund krónur til vestfirskra verkefna í ár.

Nokkur verkefni tengjast Vestfjörðum óbeint, þeirra á meðal má nefna að sönghópurinn Hljómeyki hlaut eina milljón króna vegna nýs tónverks eftir Jónas Tómasson og Stefán Arason sem hópurinn hyggst flytja m.a. í samstarfi við Kammerkór Ísafjarðar. Einnig hlaut alþjóðleg sagnfræðiráðstefna, sem fer fram í Borgarnesi í haust undir stjórn skólameistara Menntaskólans á Ísafirði, Ólínu Þorvarðardóttur, eina milljón króna.

Verkefni sem hlutu styrk og tengjast Vestfjörðum beint eru hins vegar fjögur. Fjölmennigarsetur á Vestfjörðum hlaut 400.000 króna styrk til verkefnisins „Túlkun barna á barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna“, námskeiðs er mun fara fram í Holti í Önundarfirði með áherslu á ungmenni af erlendum uppruna. Einnig hlutu Sögumíðlunin og Ólafur J. Engilbertsson kr. 400.000 til verkefnisins Rímnahátíð og byggðasögusýning Snæfjalla- og Höfðastranda sem fer fram í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og ferðamálafulltrúann á Ísafirði. Gamla Apótekið og Ungmennafélag Íslands hlutu 300.000 krónur til áframhaldandi eflingar á Íslandsleikhúsinu er stofnað var í samstarfi við sjö sveitarfélög í fyrra með ríkulegu framlagi Menningarborgarsjóðs. Þá hlutu Byggðasafn Vestfjarða og Héraðsskjalasafnið á Ísafirði 250.000 krónur til verkefnis sem fyrirhugað er til minningar um 150 ára afmæli Ásgeirsverslunar á Ísafirði, en þar er hugmyndin að bjóða upp á sögusýningu í Tjörhúsinu, sumarveislu og skemmtidagskrá.

Greipur Gíslason, nemi við Menntaskólann á Ísafirði, er einn af aðstandendum og stofnendum Íslandsleikhússins er hlaut 300.000 króna styrk. Hann segir undirbúning fyrir sumarstarf leikhússins ganga ágætlega. „Þetta hefur gengið með besta móti. Við auglýstum í sunnudagsblaði Moggans eftir leikstjóra og framkvæmdastjóra til þess að starfa með leikhúsinu í sumar og síðan þá hefur umsóknum rignt yfir okkur. Þessa stundina erum við því að fara yfir umsóknir og taka fólk í viðtöl auk þess sem unnið er að því hörðum höndum að afla fjár til starfsmanna í sumar,“ segir Greipur og bætir því við að það sé þó nokkuð verk þar sem rekstur Íslandsleikhússins muni koma til með að kosta 1,7 milljónir króna í sumar samkvæmt fjárhagsáætlunum.

Greipur gerir ráð fyrir því að starfsemi hópsins þetta sumarið verði með svipuðu móti og árið áður, leikhúsið mun ferðast milli þeirra sjö sveitarfélaga er standa að baki því, heimsækja leikskóla þeirra og aðrar stofnanir milli þess sem komið verður fram á götum úti en mikið verður stílað á svokallaðar bæjarhátíðir sem algengar eru. Auk Ísafjarðarbæjar tóku þátt í verkefninu í fyrra sveitarfélögin Ólafsfjörður, Garðabær, Húsavík, Austur-Hérað, Hornafjörður og Árborg. Óvíst er hvaða sjö sveitarfélög munu standa að leikhúsinu í ár. Menningarborgarsjóðurinn var stofnaður af borgarstjóranum í Reykjavík, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, og menntamálaráðherra, Birni Bjarnasyni, árið 2001 með stofnframlagi frá Reykjavík menningarborg árið 2000 og ríki og borg.

Hlutverk sjóðsins, sem er í umsjá Listahátíðar í Reykjavík, er að stuðla að fjölbreytilegu menningarstarfi um allt land í framhaldi af menningarborgarárinu og er gert ráð fyrir að úthlutað sé árlega úr sjóðnum. Úthlutað er til nýsköpunarverkefna á sviði lista, menningarverkefna á vegum sveitarfélaga og menningarverkefna fyrir börn og ungt fólk

Samfylkingin stefnir að fjórum bæjarfulltrúum

Lárus G. Valdimarsson var, sem kunnugt er, valinn í efsta sætið á framboðslista Samfylkingarinnar í Ísafjarðarbæ á félagsfundi á Hótel Ísafirði sl. sunnudag. Vakti það nokkra athygli þar eð Bryndís Friðgeirsdóttur, núverandi oddviti stjórnarandstöðunnar, hefur til þessa vermt efsta sætið og var almennt við því búist að svo yrði áfram. Lárus segir í samtali við blaðið að engin átök hafi verið innan flokksins um fyrsta sætið á listanum, allt hafi þetta verið gert í mesta bróðerni eins og sjá meg í jákvæðum undirteknum við listanum.

„Ég veit ekki betur en að við göngum fullsátt til leiks, Samfylkingarfólk er nú einu sinni þannig innréttað að í þeim hefði þegar heyrst væri

eitthvað ósætti um málið. Ég gaf kost á mér í fyrsta og annað sætið á listanum og Bryndís gaf kost á sér í einhver af efstu sætunum. Það var enginn af okkur núverandi bæjarfulltrúum sem gerði skilyrðislausu kröfu um efsta sæti á listanum heldur voru menn tilbúnir að taka hverju því sem niðurstaða uppstillingarnefndar kvæði á um,“ segir Lárus sem augljóslega er mjög ánægður með útkomu listans.

„Ég er auðvitað glaður yfir því að vera sýnt það traust að leiða listann í vor. Þetta er mikið ábyrgðarstarf sem felur fyrst og fremst í sér að leiða þá miklu vinnu sem framundan er og virkja mannskapinn í kosningabaráttunni. Á framboðslista okkar til sveitastjórnarkosninganna eru engir stat-

istar, við höfðum yfir 30 manneskjur til þess að vinna með og útkoman var þessi ágætis fléttulisti. Ég er sérstaklega ánægður með að fá Kolbrúnu Sverrisdóttur í baráttusætið, það er ekkert launungamál að við göngum til kosninganna í vor með það að leiðarljósi að koma inn fjórum bæjarfulltrúum og ég er bjartsýnn á að það gangi eftir,“ segir Lárus. Aðspurður um væntanlega samstarfsflokka segir Lárus að rætt hafi verið við Vinstri-Græna um samstarf en það markmið Samfylkingarinnar að bjóða út sjálfstæða lista um allt land, er gefið var út á landsfundi flokksins í haust, hafi valdið því að enginn flötur hafi verið fyrir sameiginlegu framboði. Hins vegar séu flokkarnir hugmyndafræðilegir samherj-

ar sem eigi sér sameiginlegan höfuðandstæðing í Sjálfstæðisflokknum og því sé líklegra en ekki að eitthvert samstarf verði þeirra á milli.

Bryndís Friðgeirsdóttir, fráfandi oddviti Samfylkingarinnar, sagðist einnig ánægð með útkomu listans og tók fram að hún væri mjög sátt með annað sætið. „Ég er búin að vera svo lengi oddviti þannig að það er ágætt að breyta aðeins til. Ég hef líka verið aftarlega á listum og á alla vegu þannig að þetta er ekkert nýtt fyrir mér. Listinn í heild endurspeglar, að mér finnst, mjög kraftmikið fólk sem gerir ekkert með hangandi hendi og því verður spennandi að sjá útkomu kosninganna í vor,“ sagði Bryndís að lokum.

Glæsileg dagskrá Skíðavíkingunnar 2002

Skíðavíkinguútlit sent út í samstarfi við Gamla apótekið



Gamla Apótekið á Ísafirði.

Dagskrá Skíðavíkingu Ísfirðinga er nú að mestu fullmótuð þó svo að enn eigi eftir að tímasetja nokkra dagskrárliði. Helsta nýjungin að þessu sinni er Skíðavíkinguútlit sem sent verður út á FM 101.0 í samstarfi við Gamla Apótekið. Þar munu valinkunnir Vestfirðingar skipta með sér verkum og halda úti öflugri dagskrárgerð um Skíðavíkinguna milli kl. 17-19 daglega á meðan hátíðinni stendur. Einnig verður fljótlega opnuð ný heimasíða Skíðavíkingunnar þar sem nýjustu upplýsingum um dagskrárliði verður komið á framfæri jafnóðum og þær berast.

Skíðavíkingan hefst formlega miðvikudaginn 27. mars með stuttri setningarathöfn á

brettagarpar kynna áhugasömum snjóbrettalistina.

Mikið verður um að vera í leiklistinni á skírdag, um daginn leiklesa félagar úr LL „Kristrúnu í Hamravík og himnafaðirinn“ og um kvöldið verða á ný teknar upp sýningar á verkinu „Stæltir stóðhestar“ sem sýnt var við miklar vinsældir á Ísafirði fyrr í vetur. Um kvöldið verður nóg að vera í skemmtanalífni, djasstónlist verður í hávegum höfð á Krúsinni þar sem kapparnir Villi Valli og Baldur Geirmunds leika ásamt öðrum af fingrum fram, Elfar Logi Hannesson og Guðmundur Hjaltason sjá um Megasardagskrá og á Hótel Ísafirði sér látúnsbarkinn Bjarni Arason um að skemmta matargestum fram á kvöld.

Á föstudaginn langa eru menn hvattir til að klæðast furðufötum og koma á skíði í Tungudal. Þar verða alls kyns uppákomur, tónleikar, grillmatur og sælgætisregn. Einnig verður keppt í skíðatvíkeppni og brettamót fer fram. Um kvöldið verða tónleikar í Ísafjarðarkirkju, söngskemmtunin „Those Were the Days“ í Krúsinni og dansleikir á svo til öllum skemmtistöðum á svæðinu.

Á laugardag ber hæst ævintýraferð á skíðum, en í henni munu björgunarsveitarmenn sjá um að draga skíðamenn frá Seljalandsdal yfir Vest-

fjarðahásléttuna. Þaðan verður skíðað niður í Önundarfjörðinn þar sem endað verður með sánaferð í sundlaug Flateyringa. Garpamót í göngu fer og fram á Seljalandsdal og einnig keppir yngsta kynslóðin sín á milli í Páskaeggjamóti Samskipa. Um kvöldið verður svo í Tungudalnum svokölluð Skíðanótt, en á henni mun skíðafólk geta rennt sér í upplýstum brekkum við dúndrandi tónlist og fylgst með flugeldasýningum og annari dýrd. Að vanda verða svo ýmsir dansleikir um kvöldið og fram á nótt.

Á páskaeggjamóti verður gengið á skíðum í Kirkjubólssdal hjá Þingeyri og fiskur veiddur í gegnum vök á Hólmavatni í Dýrafirði. Haldið verður hið árlega Garpamót, þar sem mis-frægir skíðakappar munu þeysast niður brekkurnar í umdeildasta skíðamóti landsins. Um kvöldið og fram á nótt verður dansað á öllum skemmtistöðum á Ísafirði, Flateyri og í Bolungarvík.

Af þessu öllu má sjá að dagskrá Skíðavíkingu er glæsileg að vanda og sem fyrr Ísfirðingum öllum og nær-sveitungum þeirra til sóma. Upplýsingar um Skíðavíkinguna má einnig finna á heimasíðu Dalanna tveggja, www.isafjordur.is/ski/.

**Ertu orðin(n)
áskrifandi?**

Síminn er 456 4560



ÍSAFJARÐARBÆR

ÚTBOÐ – SAFNAHÚSIÐ
Í ÍSAFJARÐARBÆ, 2. ÁFANGI

Tæknideild Ísafjarðarbæjar óskar eftir tilboðum í útboðsverkið „Safnahúsið í Ísafjarðarbæ, – 2. áfangi.“

Um er að ræða endurbyggingu Gamla sjúkrahússins á Ísafirði. Verkið felst í fullnaðarfrágangi tveggja hæða hússins með tilheyrandi lagnavinnu og innréttingasmíði.

Útboðsgögn verða seld á bæjarskrifstofu frá og með mánudeginum 25. mars nk. á kr. 7.500.- eintakið.

Tilboð verða opnuð á bæjarskrifstofunum, Hafnarstræti 1, Ísafirði þriðjudaginn 16. apríl nk. kl. 11:00.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar.

www.bb.is

– dagblað á netinu!



Söngskemmtun í Krúsinni

„Those were the days“ frumsýnd við frábærar undirtektir

Söngskemmtunin „Those were the days“ sem samanstendur af lifandi tónlist frá 1960 til 1970, var frumsýnd í Krúsinni á Ísa-

firði sl. laugardagskvöld við frábærar undirtektir og einsamanstendur af lifandi tónlist frá 1960 til 1970, var frumsýnd í Krúsinni á Ísa-

firði sl. laugardagskvöld við frábærar undirtektir og einsamanstendur af lifandi tónlist frá 1960 til 1970, var frumsýnd í Krúsinni á Ísa-

firði sl. laugardagskvöld við frábærar undirtektir og einsamanstendur af lifandi tónlist frá 1960 til 1970, var frumsýnd í Krúsinni á Ísa-

firði sl. laugardagskvöld við frábærar undirtektir og einsamanstendur af lifandi tónlist frá 1960 til 1970, var frumsýnd í Krúsinni á Ísa-

Allt með hefðbundnum hætti á hinu árlega Hlífarsamsæti

Hið árlega Hlífarsamsæti fyrir eldri borgara á Ísafirði var haldið í Félagsheimilinu Hnífsdal laugardaginn 9. mars sl. Þar fór allt fram með hefðbundnum hætti en til skemmtunar var m.a. leikþáttur sem fluttur var Litla Leikklúbbnum, ungt tónlistarfólk úr Tónlistaskóla Ísafjarðar kom fram og nemendur úr Dansskóla Evu sýndu listir sínar. Þá las Elísabet Gunnarsdóttir smásögu eftir Jakobínu Sigurðardóttir og Hlífarkórinn söng undir stjórn Margrétar Geirsdóttur, við undirleik Margrétar

Gunnarsdóttur. Formaður Kvenfélagsins Hlífur er Elín-

borg Sigurðardóttir. Ljósmyndari blaðsins kom við á

samsætinu og tók þar meðfylgjandi myndir.



Petólína Sigmundsdóttir, Tryggvi Sigtryggsson og Ólína Jónasdóttir.



Þorsteinn Jóhannesson og Sjöfn Magnúsdóttir.



Arnór Stígsson og Málfríður Halldórsdóttir.

Karlmennskan í fyrirrúmi á Kúttmagakvöldi Lionsmanna

Um sjöttíu fullproskaðir, ísfirskir karlmenn mættu á hið árlega Kúttmagakvöld Lionsklúbbs Ísafjarðar sem haldið var á Hótel Ísafirði föstudaginn 8. mars sl. Boðið var upp á glæsilegt sjávararréttahlaðborð og ýmis skemmtiatriði höfð í frammi, m.a. voru sýnd atriði úr leikþættinum 12 Vestfirskar þjóðsögur og að venju haldið hið sívinsæla pakkauppböð.

Þá ræddu menn reynsluheim karlmannsins, hugmyndafræði karlmennskunnar og eflingu hennar í baráttunni gegn þeim fordómum sem hvarvetna mætir henni nú á tímum. Allt fór þetta fram undir röggsamri stjórn Halldórs Jónssonar, veislustjóra kvöldsins. Ljósmyndari blaðsins kom við á Kúttmagakvöldinu og tók þar meðfylgjandi myndir.



Fjölmenn var á kúttmagakvöldinu sem haldið var á Hótel Ísafirði.



Guðmundur Óli Lyngmó, Bjarnís Friðriksdóttir og Eggert Jónsson voru á kúttmagakvöldinu.



Hér má m.a. þekkja þá Sævar Óskarsson, framkvæmdastjóra Pólsins hf. og Reynir Helgason.

„Búsetu- og lífsskilyrði yrðu metin í hverju byggðarlagi“



Kristján L. Möller
alþingismaður skrifar

Undirritaður ásamt nokkrum öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar hef lagt fram á Alþingi eftirfarandi þingsályktunartillögu.

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að leita leiða í skattamálum sem gætu jafnað lífsskjör og aðstöðu fólks eftir búsetu, svo og samkeppnistöðu og rekstrar-skilyrði fyrirtækja. Nefndin verði skipuð einum fulltrúa sérhvers þingflokks, en auk þess skipi forsætisráðherra einn fulltrúa sem jafnframt verði formaður og fari með oddaatkvæði.

Nefndin skili Alþingi skýrslu og tillögum eigi síðar en 15. janúar 2003.“

Ég tel að jöfnun lífsskjara sé eitt brýnasta úrlausnarefni á

sviði byggðamála eigi árangur að nást í þeim málaflökki. Í nágrannalöndum okkar er jöfnun lífsskjara talin mikilvæg til að sporna gegn frekari byggðaröskun og er skattkerfið m.a. notað í þessu skyni. Ég er sannfærður um að með jöfnun lífsskjara í gegnum skattkerfið megi snúa þjóðhagslega hættulegri byggðaröskun við á næstu árum.

Þjóðhagslega óhagkvæm byggðaröskun.

Byggðaröskun undanfarinna ára er þjóðhagslega óhagkvæm. Hún hefur m.a. valdið þenslu á höfuðborgarsvæðinu þar sem þurft hefur að byggja upp mikið íbúðarhúsnæði og ýmsa aðra opinbera þjónustu fyrir nýja íbúa. Á sama tíma er mikið af vannýttu húsnæði

á landsbyggðinni. Þetta allt saman hefur leitt til mikillar hækkunar á húsnæðisþætti vísitölu neysluverðs, sem aftur hefur leitt til verðbólgu og hækkunar allra lána jafnt hjá íbúum á höfuðborgarsvæðinu sem íbúum landsbyggðarinnar.

Lífsskjaramismunur er mikill milli íbúa landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins. Þessi mismunur kemur fram á ótal sviðum hins daglega lífs og á án nokkurs vafa einn stærstan hlut í byggðaröskun undanfarinna ára. Benda má m.a. á eftirfarandi atriði í þessu sambandi: Hærra vöruverð, hærra flutningsgjöld, meiri kostnað við menntun barna, meiri orkukostnað (með nokkrum undantekningum þó), svo og mikinn mun á sölu- og kaupverði húsnæðis.

Eins og áður sagði, tel ég að ýmsar aðgerðir í skattamál-

um koma til álita og því er lagt til í þingsályktunartillögunni að m.a. eftirfarandi leiðir verði kannaðar sérstaklega í þessari allsherjarúttekt til lífsskjara-jöfnunar hér á landi.

Kannað verði með misháan persónuafslátt, íbúar ákveðinna landsvæða fái með öðrum orðum sérstakan persónuafslátt í staðgreiðslu til viðbótar þeim persónuafslátti sem almennt gildir, t.d. 150–250 þús. kr. á ári. Ég tel að þessi leið sé ef til vill best fallin til að jafna lífsskjör í landinu. Í raun yrði framkvæmdin þannig að búsetu- og lífsskilyrði yrðu metin í hverju byggðarlagi eða landsvæði og aukinn persónuafsláttur metinn í framhaldi af því.

Kannað verði með lægri tekjuskattprósentu fyrir íbúa tiltekinna svæða. Slíkt má gera í eftirálágningu í skattkerfinu líkt og er með álagningu há-

tekjuskatts. Hér yrði einnig að leggja mat á búsetu- og lífsskilyrði í hverju byggðarlagi / landsvæði.

Án nokkurs vafa er aðgengi að ýmislegri sérfræðipjónustu lækna mikilvægt atriði þegar borin eru saman lífsskjör fólks á landsbyggðinni annars vegar og höfuðborgarsvæðinu hins vegar. Ég tel brýnt að hugað verði að þessu atriði. Slíkan mismunur má jafna í gegnum skattkerfið. Benda má á tillögur svokallaðs byggðahóps forsætisráðherra frá 1998, sem undirritaður sat meðal annarra í.

Tekið verði tillit til kostnaðar við akstur milli heimilis og vinnustaðar. Skattalög leyfa ekki slíkan frádrátt nú en í löggjöf nágrannaríkja okkar er að finna slíkar heimildir.

Tekið verði tillit til þess ef fólk þarf að halda tvö heimili vegna vinnu sinnar.

Kannað verði hvort unnt sé að taka upp aukabarnabætur fyrir íbúa landsbyggðarinnar líkt og gert er í Norður-Noregi.

Hér að framan hafa einungis verið nefnd sex atriði af 21 atriði sem nefndin er í umæddri tillögu. Eins og áður sagði yrði framkvæmdin í raun og veru þannig að búsetu- og lífsskilyrði yrðu metin í hverju byggðarlagi eða landsvæði og jöfnunaraðgerðir metnar í framhaldi af því.

Í tillögunni eru einningu nefnd fjölmörg dæmi til að jafna rekstrar og samkeppnishæfni fyrirtækja, og mun ég gera grein fyrir þeim síðar í þessu blaði.

Kristján L. Möller
alþingismaður fyrir
Samfylkinguna.

Kammerkór Ísafjarðar

„Upphefð fyrir Kammerkórinn að fá að taka þátt í slíku verkefni“



Kammerkórinn.

Sönghópurinn Hljómeyki er meðal þeirra sem fengu styrk úr Menningarborgarsjóði í ár en hann hlaut eina milljóna króna vegna nýs tónverks eftir Jónas Tómasson og Stefán Arason sem hópurinn hyggst flytja m.a. í samstarfi við Kammerkór Ísafjarðar. Guðrún Jónsdóttir, stjórnandi kórsins, sagði í samtali við blaðið að Hildigunnur Rúnarsdóttir frá Hljómeyki hefði haft samband við þau síðastliðið sumar og leitað eftir samstarfi. Gerir Guðrún ráð fyrir að tónleikarnir verði haldnir í lok október á þessu ári og segir það mikla

upphefð fyrir Kammerkórinn að fá að taka þátt í slíku verkefni.

Fleira er á döfinni hjá kórnum og er m.a. ætlunin að leggja land undir fót í sumar og taka þátt í kóramóti í Þrándheimi í Noregi um Jónsmessuna. Þá mun kórinn einnig halda tónleika í Gautaborg og að öllum líkindum í Ósló. Hér heima verður dagskrá tónleikaferðarinnar flutt í lok apríl.

Kammerkórinn er skipaður þrettán söngvurum sem allir eru tónmenntaðir og undirleikari er Hulda Bragadóttir, organísti.



Innleggar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa

Sigurðar Friðfinnssonar
Ketilseyri, Dýrafirði

Björnfríður Ólavía Magnúsdóttir
og aðstandendur

Tertu- og brauðtertubasar

Slysavarnardeild kvenna á Ísafirði verður með tertu- og brauðtertubasar á Silfurtorgi miðvikudaginn 27. mars næstkomandi kl. 13.30

Stjórnin

Drullusokkar eða gangsterar?

Fyrir rúmum hálfum mánuði lét formaður Samfylkingarinnar, Össur Skarphéðinsson, gamminn geisa og þóttist vera allt annar maður. Í stað alþingismannsins og formanns næst stærsta stjórnmálaflokks þjóðarinnar, sem reyndar hefur einnig á að skipa næst stærsta þingflokki, þóttist Össur Skarphéðinsson vera líf-fræðingur og það er svo sem rétt. Honum gleymdist eitt mikilvægt atriði, að Össur Skarphéðinsson er opinber persóna og stjórnmálamaðurinn getur ekki skýlt sér á bak við líffræðinginn, þótt báðir búi í sama búknum. Því síður gat hann leyft sér þó hann meinti í þágu bróður síns að senda eitthvað, sem hann reyndi að telja sjálfum sér og þjóðinni trú um að væri einkabréf, á tölvupóstfangi Alþingis. Skiptir engu þótt hann skýli sér bak við reiði. Magnús Skarphéðinsson þrifa- og þvottamaður, sem rekur hreingerningafyrirtæki er fullorðinn maður og verður að bera ábyrgð á sér sjálfur. Í því er fólgið að hann verður líkt og Jón og Gunna að heyja lífsbaráttunna án beinnar aðstoðar stjórnmálaforingja, sem telur sér sæmandi að hella úr skálum reidinnar yfir þá sem honum mislíkar við af hreinum og klár-um persónulegum ástæðum.

Eða var foringi jafnaðarmennskunnar í landinu að senda frá sér þau skilaboð að sumir væru jafnari en aðrir og það svo mjög, að réttlæti hótanir um að ævi sinni skyldi hann verja til að úthropa stjórnendur Bónus með skrifum og ræðuhöldum. Þegar þetta yfirlýsta reiðikast formanns Samfylkingarinnar bætist við

þau hörmulegu tíðindi af sjálfstöku manna, sem flestir hafa verið taldir til fylgismanna formanns stærsta stjórnmálaflokks þjóðarinnar og forsætisráðherra, er ekki að undra þótt almenningi sé enn ofboðið. Ef til vill væri jafnaðarmanninum Össuri Skarphéðinssyni hollt að rifja upp að menn eins og Pálmi Jónsson stofnandi Hagkaupa og Jóhannes Jónsson í Bónus hafa ef til vill gert meira fyrir alþýðu þessa lands með lækkun vöruverðs en stjórnmálamönnum flestum hefur tekist á langri ævi. Alþingismönnum og sveitarstjórnarfulltrúum er hollt að muna þá einföldu staðreynd að fæstum þeirra tekst að bæta kjör alþýðu með neitt viðlíka hætti og Hagkaupa stuðluðu að fyrrum og Bónus nú. Í Bónus eru viðskiptavinir ekki spurðir hvern þeir kusu seinast eða hvern þeir ætli að kjósa næst. Þeir einfaldlega

þá einföldu staðreynd að fæstum þeirra tekst að bæta kjör alþýðu með neitt viðlíka hætti og Hagkaupa stuðluðu að fyrrum og Bónus nú. Í Bónus eru viðskiptavinir ekki spurðir hvern þeir kusu seinast eða hvern þeir ætli að kjósa næst. Þeir einfaldlega ganga að vörunni og velja það sem þeim hugnast, borga og ganga út. Engar aðrar skuldbindingar fylgja, engar spurningar um ætt, uppruna eða vini hvað þá heldur hvort þeir séu ríkir eður ei. Hótanir um að viðkomandi skuli ofsóttir fyrir að segja bróður formannsins upp skúringum með athugasemdum um að þeir séu drullusokkar og engum líkari en suður-amerískum gangsterum og að stjórnmálaforinginn eigi langa ævi fyrir höndum til skrifa og ræðuhalda um þessa eiginleika þeirra lýsa engum betur en þeim sem heldur um pennann eða slær á lykilorðið. Össur hefur beðist fyrirgefningar og vafalaust fæst hún eins og alltaf hjá þjóðinni. En á íslenska þjóðin skilið slíka stjórnmálmenn?

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

SKÍÐAVIKA 2002

Látúnsbarkinn
Bjarni Arason
skemmtir
matargestum
á Hótel Ísafirði

Skírdag 28. mars kl. 18.00-24.00
Laugard. 30. mars kl. 19.00-22.00

Girnilegur
matseðill
með frelstandi
tilboðum ásamt
glæsilegu úrvall
af ostum og
ávöxtum á
hlaðborði

Spurning dagsins:
Hvað eru mörg gól í einum olli?
Ef þú hókar og svarar
spurningunni gættir þú um
krónuvers þitt! Þú

Borðapantantir í síma
456-4111

ATH! Adgangseyrir
kr. 1.000,-

SKG
Veitingar

- Mannsins Meðis -

ALVEG GÍMSBÖK UPPLÍFUM

Glæsileikinn í fyrir- rúmi í breyttu útliti

Á Kvennafjör á Finnabæ sem haldið var í Víkurbæ í Bolungarvík föstudagskvöldið 15. febrúar sl. var ýmislegt til gamans gert og þar á meðal var útliti tveggja kvenna breytt með aðstoð færustu sérfræðinga, líkt verið hefur til síðs undanfarin ár. Það voru þær Guðlaug Elíasdóttir og Svala Einarsdóttir sem voru svo heppnar að vera boðið í breytt útlit en Hárstofan í Bolungarvík, Snyrtistofan Mánagull, Sólbaðstofan Linda og verslunin Jón og Gunna á Ísafirði áttu heiðurinn af árangrinum og er óhætt að segja að samvinna þessara aðila hafi tekist með miklum ágætum.

Ragnhildur Benediktsdóttir, snyrtifræðingur og eigandi Snyrtistofunnar Mánagulls, litaði aughár stúlkanna og mótaði augabrúin. Guðlaugu farðaði hún glæsilegri kvöldförðun en Svala naut léttar

kvöldförðunar til að sýna fjölbreytnina. Notaði Ragnhildur förðunarlínu frá Aveda þar sem nýjustu litirnir fengu að njóta sín. Arnold Bryan Cruz, hársnyrtir á Hárstofunni, sá um hár stúlkanna sem var snyrt auk þess sem hann setti léttu liti í það. Stúlkunum var boðið í ljós hjá Sólbaðstofunni Lindu Bolungarvík en eigendur eru Margrét Lilja Pétursdóttir og Kristný Pálmadóttir.

Það var síðan Verslunin Jón og Gunna Ísafirði sem sá um að klæða stúlkurnar upp og slá þannig endahnúttinn á glæsilegt útlit þeirra. Klæddist Guðlaug dökkblárra, teinóttu buxnadratt og undir jakkanum var hún í falllegum himinbláum bol. Svala kom fram í síðu gallapilsa, köflóttu Madonna-skyrtu og var í glæsilegum hunangslituðum leðurjakka yfir.



Svala Einarsdóttir og Guðlaug Elíasdóttir fyrir og eftir breytingu.

fermingartilboð

Með öllum seldum GSM-símum getur þú valið á milli eftirfarandi:

- 1 Símafrelsisstartpakki og 1500 kr. inneign
- 2 Aukahlutapakki (verðmæti 1990 kr.)
- 3 2000 kr. inneign í Símafrelsi



LITTEKAUPIÞORSUM **1.980 kr.**

1.150 kr. næstu 12 mánuði
fjálfið á símráttning
Verð: 16.980 KR.
Verð áður 18.000 kr.

WEL TÓNARÁTÁKN

Farðu á wel.is og fáiðu ókeypis áskrift af tónum og táknum í einn mánuð



Tilboð þessi glíða í öllum verslunum Símans um land allt dagana 15. mars til 30. apríl.

siminn.is

SÍMINN

Ungfrú Ísland.is og Brad Pitt

Laugardagsbíó Stöðvar 2 þessar vikuna er glæpamyndin Gripinn, gómaður, negldur, eða Snatch. Þetta er þriggja stjörnu mynd með Brad Pitt í aðalhlutverki en leikstjórinn er Guy Ritchie, eiginmaður Madonnu. Sýning myndarinnar hefst kl. 23:10. Fyrr um kvöldið, eða kl. 20:30 verður Ungfrú Ísland.is 2002 krýnd mið hátíðlega athöfn á skemmtistaðnum Nasa. Tólf stúlkur keppa um þennan aftirsótta titil en Stöð 2 verður með beina útsendingu frá þessum merka viðburði.



1. deild karla

KFÍ ekki í úrvalsdeild

Útséð er nú með að meistaraflokkur karla KFÍ spili í úrvalsdeild á hausti komanda eftir að liðið tapaði í tvígang fyrir Snæfelli síðustu helgi. Á föstudag tapaði liðið leik er fór fram á Stykkishólmi gegn Snæfelli með 75 stigum gegn 89 stigum heimamanna.

Síðari viðureign liðanna fór fram í íþróttahúsinu á Torfnesi í gærkvöld, sunnudag, og töpuðu KFÍ menn henni með 87 stigum gegn 97 stigum Snæfellsmanna. KFÍ endar því í þriðja sæti 1. deildar með 24 stig.

15.55 Enski boltinn. Bein útsending frá leik Fulham og Tottenham Hotspur.
18.00 NBA. Bein útsending frá leik Philadelphia 76ers og New York Knicks.
20.00 Meistarakeppni Evrópu. Farið er yfir leiki síðustu umferðar og spáð í spilinn fyrir þá næstu.
21.00 Golfmót í Bandaríkjunum
22.00 NBA-tilþríf
23.30 NBA. Bein útsending frá leik Sacramento Kings og Los Angeles Lakers.
02.15 Dagskrárlok og skjáleikur



SKJAREINN

Föstudagur 22. mars

16.30 Muzik.is
17.30 Two Guys and a Girl (e)
18.00 Everybody Loves Raymond (e)
18.30 The King of Queens (e)
19.00 Titus (e)
19.30 Yes Dear (e)
20.00 Dateline. Magnaðir fréttaskýringaþættir þar sem kafað er ofan í kjólinn á erfiðum málum.
21.00 Undercover. Hjónin Kate og Dylan Del'Amico reka eigið njónsafirrtæki. Þeim er úthlutað margvíslegum verkefnum og spurning hvornig þeim tekst að aðlaga sameiginlegan starfs-



Sunnudagur 24. mars kl. 13:45
Enski boltinn: Liverpool – Chelsea

Sunnudagur 24. mars kl. 15:55
Enski boltinn: Fulham – Tottenham Hotspur
Sunnudagur 24. mars kl. 18:00
NBA: Philadelphia 76ers – New York Knicks
Þriðjudagur 26. mars kl. 19:40
Epson-deildin: Fjögurra liða úrslit
Miðvikudagur 27. mars kl. 19:50
Landsleikur í knattspyrnu: England – Ítalía

Stöð 2

Laugardagur 23. mars kl. 14:45
Enski boltinn: Manchester United – Middlesbrough

Tónlistarfélag Ísafjarðar

Þrjár músíkalsk- ar í Hömrum

Tónlistarfélag Ísafjarðar heldur aðra áskriftartónleika sína á starfsárinu á miðvikudagskvöldið 20. mars nk. í Hömrum kl. 20.30. Það eru þrjár af fremstu og mest menntuðu tónlistarmönnum þjóðarinnar, þær Áshildur Haraldsdóttir, flautuleikari, Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðlu-leikari og Nína Margrét Grímsdóttir, píanóleikari, sem fram koma á tónleikunum og leika bæði einleik og samleik.

Á fjölbreyttri efnisskránni eru píanósónata eftir Jónas Tómasson, verk f. flautu og píanó eftir Copland og Arthur Foote, verk eftir de Falla og Tsjaikovský f. fiðlu og píanó og að lokum tríó eftir tékkneska tónskáldið Martinu.

Áskriftarkort Tónlistarfélagins gilda á tónleikana, og að venju býður félagið skólanemum 20 ára og yngri ókeypis aðgang. Félag íslenskra tónlistarmanna styrkir þessa tónleika.

frama hversdagslífinu.
22.00 Djúpa laugin. Þórey Eva og Júlíus Hafstein koma Íslendingum á stefnumót.
23.00 Malcolm in the middle (e)
23.30 CSI (e)
00.20 Law & Order SVU (e)
01.10 Jay Leno (e)
02.00 Muzik.is
03.00 Óstöðvandi tónlist

Laugardagur 23. mars

12.30 48 Hours (e)
13.30 Law & Order (e)
14.30 Jay Leno (e)
15.30 Djúpa laugin (e)
16.30 Survivor (e)
17.30 Fólk (e)
18.30 Undercover (e)
19.30 Two Guys and Girl (e)
20.00 Powerplay. Michael Riley fer með hlutverk Bretts Parker, umboðsmanns íþróttamaðna sem lætur hugann bera sig hálf leið í að koma umbjóðendum sínum á framfæri. Þegar hann flytur til heimabæjar síns áttar hann sig á því stundum er kapp best með forsjá.
21.00 Íslendingar. Spurninga- og spjallþáttur í umsjón Fjalars Sigurðarsonar, tröllapabba með meiru.
22.00 Total Recall. Rannsóknarlög- reglumaðurinn David Hume virðist hafa erfitt andagið frá nafna sínum heimspekingnum og nýttist hún honum afar vel í baráttu hans fyrir betra lífi – á Mars árið 2070.
22.50 Redemption of the Ghost (e)
00:20 Tvöfaldur Jay Leno (e)

01.50 Muzik.is
03.00 Óstöðvandi tónlist
Sunnudagur 24. mars

12.30 Silfur Egils
14.00 Mótör(e)
14.30 Boston Public (e)
15.30 The Practice (e)
16.30 Innlit-Útlit (e)
17.30 Providence (e)
18.30 Dateline (e)
19.30 King of Queens (e)
20:00 Sunnudagsmyndin
21.45 Silfur Egils
23.30 Íslendingar (e)
00.30 Survivor (e)
01.20 Muzik.is
02.00 Óstöðvandi tónlist

afmæli



Miðvikudaginn 27. mars verður Geirþrúður Charlesdóttir sjötug. Af því tilefni býður hún og fjölskylda hennar vinum og ættingjum á tónleika í Hömrum á afmælisdaginn kl. 20.30, og á eftir að þiggja léttu náttþressingu fyrir svefninn.

www.bb.is

— ávallt ferskur!

Hvað er að ske? Á helginni

22. mars - 25. mars

Skemmtikvöldið
Those Were The Days
Með líftandi tónlist frá 1960 til 1970
kynnir
Frjálsar malar
Stórgóð skemmtun
Döpurball
Laugardagskvöldið 23. mars. Laus sæti
Einnig sýning um páskana á föstudaginn langa 29. mars
MEGA OG BORGARANTANIS (SÍMA 456-3985 PÍZZA 67)

B M X M E G A B A L L
18 ÁR
LAUGARDAGSKVÖLD

SKRÍMSLI HF
Þú munt ekki trúa þínu eigin auga
Næst vinsælasta myndin í USA á síðasta ári og ein vinsælasta myndin í sögu Walt Disney fyrirtækisins
Sunnudag kl 3 og 5 m / íslenska tali

SCHWARZENEGGER
COLLATERAL DAMAGE
Ekkert er hættulegra en einhver sem hefur engu að tapa!
Sunnudag kl 9
Mánudag kl 9
Bönnuð innan 16

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu
fasteignir víða
á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

kirkja

Ísafjarðarkirkja:
Kirkjuskóli á pálmasunnudag kl. 11:00.
Fermingarmessa á pálmasunnudag kl. 14:00.

netið

Hver eru uppáhalds bókamerkin þín á Netinu?
Sigríður Ragnarsdóttir, skólastjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar svarar:

„Ég skoða hinn stórgóða vef **bb.is** reglulega til að fylgjast með því sem er að gerast í



bænum. Ég fer líka mikið inn á **musik.is** þar sem hægt er að finna alla íslenska vefi sem á einn eða annan hátt tengjast tónlist, t.d. tónlistarmenn, útgáfa, nám og kennsla, djass, klassísk, dægurtónlist og margt fleira, ómissandi vefsíða fyrir fólk í músík. **grovemusic.com**, er líka mjög góður alfræðivefur um tónlist sem ég kík stundum á. Að sjálfsögðu fer ég líka reglulega inn á vef tónlistarskólans okkar, **snerpa.is/ ti**, sem er nýfarinn af stað eftir að hafa legið í láginni í nokkurn tíma. Upplýsingavefinn **Hvar.is** heimsæki ég oft en þar hefur maður aðgang að ýmiss konar gagnasófnum, rafrænum tímaritum, orðabókum o.s.frv. Ég fer líka svolítið inn á **kistan.is** þar sem finna má ýmislegt menningarefni og sömuleiðis á menningarsíðunum á **strik.is**. Þá kík ég stundum á **murinn.is** þar sem eru alls konar greinar um pólitík og **konur.is** þar sem eru margir skemmtilegir tenglar í allar áttir. Loks má geta þess að mér finnst gaman að skoða **uppskriftir.is** og **matarlist.is** þar sem hægt er að finna ótrúlegustu uppskriftir og nánast allt milli himins og jarðar er viðkemur matargerð.“

www.bb.is

— dagblað á netinu!



Þar sem þú ert
- þar erum við

POSTURINN
www.postur.is



Leitarhundur að störfum.

Vetrarnámskeið Leitarhunda Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Leitarhundar á námskeiði

Ellefu hundar þreyttu próf í C-stigi sem er byrjandastig, níu hundar voru prófaðir í B-stigi, sem er framhaldstig, og tíu hundar voru prófaðir í A-stigi en það eru hundar á útkallslista sem kallaðir eru út til leitar hvar sem er á landinu. Á sunnudaginn fór síðan fram björgunaræfing í tengslum við námskeiðið og var hún haldin í samvinnu við Björgunarsveitina Erni í Bolungarvík og Björgunarfélag Ísafjarðar, auk átta hunda sem voru á A-stigs námskeiði.



Hópurinn sem tók þátt í námskeiðinu.

HVER ÞJÓNAR þínu öryggi?



Það er fátt eins mikilvægt í lífinu og öryggi. Þess vegna áttu rétt á að fá örugga lífshöfn og fyrsta flokks þjónustu þegar tryggingarnám þín eru alnær vegar. Komdu eða hafðu samband, við gerum alltaf okkar besta.

TRYGGINGA-MIDSTÖÐIN HF
- þegar lífi er á vaxandi

Hafnarstræti 7 • 460 Ísafjörður
Sími 450 5200 • www.tmfhf.is

Verða fulltrúar MÍ á söngkeppni framhaldsskólanna síðar í mánuðinum

Þórunn og Herdís Anna hlutu fyrsta sætið í Söngkeppni MÍ

Hin árlega Söngkeppni Menntaskólans á Ísafirði fór fram laugardaginn 9. mars á sal Grunnskólans á Ísafirði. Ellefu atriði kepptu um hylli dómnefndar að þessu sinni en það voru þær Þórunn Arna Kristjánsdóttir og Herdís Anna Jónasdóttir sem hlutu fyrsta sætið fyrir flutning sinn á klassíska sönglaginu „Hvítir mávar“. Því er ljóst að þær munu keppa fyrir hönd MÍ á söngkeppni framhaldsskólanna sem fer fram í Laugar-dalshöllinni síðar í mánuðinum.

Margt góðra söngatriða kom fram á keppninni og átti dóm-

nefndin að sögn í mestu vand-ræðum með að velja siguratriðið. Í þriðja sæti varð Tómas Ibsen, sem söng á afar sannfærandi máta lagið „Love song“ til dýrðar Jesú Kristi. Annað sætið féll svo í hlut þeirra Thelmu Bjarkar Kristinsdóttur og Svanhildar Garðarsdóttur sem fluttu eigin útgáfu á lagi Abba, „Chiquetita“ með snilldarlegum íslenskuðum texta sem fjallaði um dýrðir þýskunáms.

Fullur salur áhorfenda hvatti sitt fólk áfram á sal Grunnskólans og var erfitt að greina hver átti mesta hylli þeirra. Meðal atriða sem vöktu verðskuldaða

athygli en náðu af einhverjum ástæðum ekki verðlaunasæti voru „áhugaverður“ flutningur Orra Hjaltasonar á Bellman laginu „Gamli Nói“ og meistaralegur flutningur Svanhvítar Eggertsdóttur á Sinéad O'Connor laginu „The last day of our acquaintance“.

Trúbadorinn Einar Örn sá um að skemmta áhorfendum á meðan dómnefndin var að störfum, en hana skipuðu að þessu sinni Íris Kristinsdóttir, söngkona, Haukur S. Magnússon, rokkáhugamaður og Pálína Vagnsdóttir, tónlistar-spekúlant.



Herdís Anna Jónasdóttir og Þórunn Arna Kristjánsdóttir.

Hátæknifyrirtækið VoiceEra í Bolungarvík

Gera samning um alþjóðlegt samstarf á sviði raddtækninnar

Hátæknifyrirtækið VoiceEra í Bolungarvík hefur gert víðtækan samstarfssamning við belgíska fyrirtækið Babeltech um þróun raddtæknihugbúnaðar. Samstarf fyrirtækjanna á sér nokkurn aðdraganda en Babeltech var á sínum tíma ráðið af VoiceEra sem undirverktaki við hönnu eina tölvuraddkerfisins (ASR) sem til er fyrir íslenska tungu. Það samstarf gekk vonum framár og var því ákveðið að efla samstarf

og samvinnu fyrirtækjanna. Samstarfssamningurinn felur í sér víðtækt þróunarsamstarf auk þess sem VoiceEra fær einkaumboð á Íslandi fyrir grunnlausnir Babeltech. Má þar m.a. nefna talvélina Infovox sem Babeltech keypti nýverið af Telia en hún styður nú 17 tungumál. VoiceEra hefur með samningnum jafnframt fengið umboð fyrir raddgreiningarlausnir Babeltech en það er hugbúnaður sem getur greint hver talar út frá rödd

viðkomandi. Slíkar lausnir hafa náð miklum vinsældum erlendis og hafa í auknu mæli komið í stað lykla, öryggis-korta og lykilorða í tölvum.

VoiceEra er eina fyrirtækið sem býður upp á íslenskt raddkerfi fyrir tölvur og símkerfi, sem skilur og túlkar íslenskt talmál og íslenska talvél sem les upp texta af tölvutæku formi. Grunnlausnir Babeltech eru þróaðar fyrir fjölmörg tungumál og samningurinn veitir VoiceEra því færi á að

bjóða upp á fjöltungumálakerfi ofan á íslenskar lausnir ásamt því að greiða fyrir aðgengi sérlausna VoiceEra á erlenda markaði. Meðal samstarfsaðila VoiceEra hér á landi má nefna Öryrkjabandalagið, Íslandsbanka, Ljós-virkja, Juventus, Gangverk og Póls. Sú ákvörðun Babeltech að velja VoiceEra til samstarfs styrkir til muna þá stöðu fyrirtækisins að vera í forystu á raddtæknisviðinu hér á landi. Babeltech er belgískt fyrirtæki

sem er í hópi leiðandi fyrirtækja á heimsvísu í þróun raddtæknihugbúnaðar. Fyrirtækið hefur vaxið hratt á undanförunum misserum og byggt upp traustan hóp samstarfsaðila og viðskiptavina. Meðal aðila sem þeir starfa með má nefna Comverse, Texas Instruments, Daimler-Chrysler, bandaríska herinn og JC Decaux auk fjölmargra háskóla og þróunarsetra.

Sérhæfð líkamsvara



KONUR OG MENNT

Adalstræti 9
Sími 456 0201

Minna ummál

Medhöndlun fyrir ákveðin svæði líkamans þar sem fitusöfnun er vandamál og áferð húðarinnar ójafn

BIOTHERM



Þú færð farseðlana á ferðaskrifstofunni þinni á Vestfjörðum

Vesturferðir

Adalstræti 7 • Sími 456 3111

www.vesturferdir.is

vesturferdir@vesturferdir.is

bb.is

– öflugur frétt- og upplýsingamiðill!